



Fundargerð hverfisráð dreifbýlis

4. fundur í hverfisráði dreifbýlis, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, miðvikudaginn 25. júní 2020. Fundur hófst kl. 16.

Mættir: Steinunn Anna Halldórsdóttir, Þórður Úlfarsson og Reimar Sigurjónsson. Kristinn Lárusson tilkynnti forföll.

Einnig sátu fundinn Sigurður Þór Guðmundsson fjallskilastjóri og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá

1. Skipulag fjallskila

Sigurður Þór Guðmundsson ræddi störf og verkefni fjallskilastjóra. Hann segir vanta samkomulag um skil á fé milli svæða, þ.e. til Vopnafjarðar og í Öxarfjarðar. Enn fremur hefur hann óskað eftir lausn frá störfum fjallskilastjóra m.a. í ljósi skörunar hagsmuna milli sveitarfélaga.

Reimar Sigurjónsson ræddi framkvæmd gangnamála.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt leggja að auglýst verði eftir nýjum fjallskilastjóra í Langanesbyggð.

Samþykkt með atkvæðum Steinunnar og Reimars. Þórður var á móti.

2. Fjallskilasjóður og fjallskilagjöld

Lagt fram minnisblað Kolbrúnar Arnardóttur, dags. 8. janúar 2020, um gjaldtöku vegna kostnaðar við fjallskil í Langanesbyggð. Einnig lögð fram fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps og lög um fjallskil nr. 6/1986.

Bókun um afgreiðslu: Lagt er til að fjallskilagjald verði einnig lagt á landverð að 1/3 hluta til með vísan til heimildarákvæðum í lögum um fjallskil og fjallskilasamþykkt sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

3. Gangnamannakofar, ástand, viðgerðir og möguleg endurnýjun

Lögð fram hugmynd fjallskilastjóra um að gera upp fjallakofa.



Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að gerð verði áætlun um endurnýjun kofanna að hluta til í haust og byrjað nú í haust og að byrjað verði á Kverkártungukofanum.

Samþykkt samhljóða.

4. Skilaréttir í Langanesbyggð (að ósk Tunguselsbænda)

Sveitarstjóri gerði grein fyrir erindi Marinós í Tunguseli þess efnis að Tunguselsrétt verði skilarétt eins og Hallgilsstaðarétt.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin getur ekki fallist á erindi Marinós, enda væri með slíkri ákvörðun verið að gefa fordæmi um þátttöku sveitarfélagsins í viðhaldskostnaði annarra rétta í sveitarfélaginu. Vísað er til 3. mgr. 14. gr. fjallskilasamþykktar um heimild sveitarfélags til að styrkja byggingu heimarétta.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

5.a) Sveitarstjóri greindi frá því að Vegagerðin hefði úthluta 3,5 m.kr. til styrkvegagerðar á þessu ári í samræmi við áætlun sem hverfisráð dreifbýlis lagði til í vor.

5.b) Grenjaleit og vetrarveiðar. Reimar Sigurjónsson lýsti óánægju sinni með fyrirkomulag við vetrarveiði og grenjaleit.

Meira ekki gert og fundi sliti klukkan 17:26.